

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis,

Nefndasvið Alþingis,

umsagnir@althingi.is

Efni. Umsögn Félags íslenskra bókaútgefenda - Mál Alþingis nr. 624. löggjafarþing 165 – Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972 (gervigreindarfólk og sjálfvirk gagnagreining).

Vísað er til tölvupósts Nefndasviðs þann 22.02.2024 þar sem Félagi íslenskra bókaútgefenda er gefin kostur á að gefa umsögn við mál Alþingis nr. 624 á yfirstandandi löggjafarþingi sem varðar frumvarp um breytingar á höfundalögum nr. 73/1972. Undirrituðum lögmanni sem er lögfræðilegur ráðgjafi félagsins hefur verið falið að gefa umsögn fyrir hönd Félags íslenskra bókaútgefenda.

Frumvarpið til breytinga á höfundalögum varðar í meginatriðum annarsvegar þá hugmynd að fella vernd persónu einstaklings, lifandi eða látins, undir ákvæði höfundarlaga eða svokallað er gervigreindarfólk og hins vegar að sett verði nýtt ákvæði í höfundarlög um sjálfvirkar gagnagreiningar sem væri séríslenskt ákvæði um til þess að gera víðtækar heimildir til vinnslu upplýsinga úr höfundarréttarvörðu efni án samþykkis eigenda höfunda og útgáfuréttar.

Íslenskur höfundarréttur og íslensk höfundalög eru almennt í samræmi við norrænan rétt á sama sviði og jafnframt eftir evrópskri fyrirmynd þar sem löggjöf norðurlandþjóðanna, hefur verið löguð að tilskipunum Evrópusambandsins á sviði höfundaréttar samhliða innleiðingu tilskipana Evrópusambandsins í norrænan og íslenskan höfundarétt.

Stofnanir Evrópusambandsins samþykktu á árinu 2019 svokallaða DSM tilskipun 790/2019 og samhliða lögleiðingu hennar voru gerðar breytingar á eldri tilskipunum Evrópusambandsins 1996/9 og 2001/29. Íslenskt heiti þessarar tilskipunar er; Tilskipun um höfundarétt og skyld réttindi á starfræna innri markaðnum. Unnið að innleiðingu hennar í íslenskan rétt af hálfu Menningar og viðskiptaráðuneytis. Samráði lauk í maí 2022 og hefur málið verið í vinnslu innan ráðuneytisins frá sama tíma. Innleiðing þessarar tilskipunar mun hafa í för með sér verulegar breytingar á íslenskum höfundarétti. Með sama hætti hefur Evrópusambandið unnið að gerð nýrrar tilskipunar um gervigreind frá árinu 2021 sem hefur vinnuheimilið „The A.I. act“ en þess er að vænta að niðurstaða þeirrar vinnu muni liggja fyrir á næstu mánuðum. Ljóst er að sú vinna mun aftur leiða til breytinga á norrænni höfundaréttarlöggjöf, breytinga sem vænta má að verði innleiddar í íslenskan rétt með sambærilegum hætti og aðrar tilskipanir Evrópusambandsins á sviði höfundaréttar hafa verið innleiddar hingað til.

Almennt telur Félag íslenskra bókaútgefenda að fara þurfi varlega í breytingar á höfundarétti og gildandi höfundalögum og þá bæði þegar kemur að nýjum lögbundnum takmörkunum eða undanþágum á réttindum höfunda og útgefenda og varhugavert sé að gera það án tillitis til evrópsks og norræns réttar vegna alþjóðlegra skuldbindinga okkar á sviði höfundaréttar og sérstaklega sé varhugavert að leiða í lög sér íslensk ákvæði sem ljóst er að fara munu í bága við gildandi tilskipanir Evrópusambandsins og þá vinnu sem hefur verið í gangi innan Menningar- og viðskiptaráðuneytis undanfarin ár við innleiðingu tilskipunar 790/2019. Þá liggur og fyrir að félagið telur einnig að varhugavert sé að lögleiða nýjar reglur um „gervigreindarfólk“ í höfundalög enda sé tilgangur breytinganna ekki að tryggja höfundarétt eða útgáfurétt af tilteknu útgefnu verki eða að veita undanþágu frá höfundarétti vegna sama verks heldur annar.

Fyrir liggur að Félag íslenskra bókaútgefenda tekur undir sjónarmið í greinargerð með frumvarpinu um að vernd einstaklings (þegar kemur að efni sem er hægt að framleiða með stafrænum hætti og láta líta út að það stafi frá viðkomandi einstakling eða sé viðkomandi einstaklingur) fyrir því að honum sé eignað efni sem gert er af óviðkomandi aðila og í ólögmætum tilgangi sé mikilvæg og verði sífellt mikilvægari í stafrænum heimi.

Það breytir því ekki að Félag íslenskra bókaútgefenda telur að ákvæði sem verndar einstaklingsbundin persónuréttindi lífs eða liðins einstaklings, ekki með réttu eiga heima innan ákvæða höfundalaga heldur refsilöggjafar og eða persónuverndarlöggjafar. Ljóst er að ef falsað efni er birt og eignað óviðkomandi aðila þá er um refsiverða háttsemi að ræða og ef átt er við höfundarverk og þeim breytt í neikvæðum tilgangi þá liggur fyrir að slík framleiðsla er brot á höfundarétti þess aðila sem átti höfundarétt að frumverki og varðar eftir atvikum refsíabýrgð.

Þá er einnig ljóst að ef ætti að koma til álita að lögfesta samþykkisreglu vegna birtingar eins og lýst er í greininni þá er það í andstöðu við almennar reglur höfundaréttar að slík regla sé eilíf eða ótímabundin og það er einnig í andstöðu við almenn ákvæði höfundaréttar að miðað sé við að leita skuli samþykkis afkomenda. Þá er einnig óljóst hvort samþykki þurfi frá hluta afkomenda eða öllum og hvað gerist þegar engin afkomandi er til staðar og eða hver staða eftirlifandi maka skuli vera.

Þá er ljóst að bannákvæði frumvarpsins ná ekki tilgangi sínum í þeim tilvikum þegar ekki er vitað hver bjó til gervigreindarverk/gervigreindarfólk og mun ekki stöðva slíka framleiðslu eða birtingu frekar en séríslenskt ákvæði muni hafa þýðingu þegar verk er unnið eða birt erlendis. Þá er óljóst hvort ákvæðið eigi við verk sem unnin eru á Íslandi þar sem gervigreindarfólk er íslenskur einstaklingur og birting er á Íslandi eða hvort ætlað sé að reglan eigi við þegar íslenskur aðili sé sá sem er á bak við gervigreindarverkið/gervigreindarfólkið óháð því hvort sá sem birtist í verkinu sé íslenskur aðili og/eða hvort banninu sé ætlað víðtækara svið.

Hvað varðar ákvæði 3. gr. frumvarpsins þá tekur Félag íslenskra bókaútgefenda undir þau sjónarmið sem reifuð eru í umsögn STEFS þar sem félagið telur augljóst að verði það samþykkt og lögleitt í íslenskan rétt, þá muni ákvæðið vera í ósamræmi við ákvæði 3. gr.

og eftir atvikum 4. gr. tilskipunar Evrópusambandsins 2019/790 sem nú er verið að innleiða í íslenskan rétt eins og áður hefur verið tekið fram og leggst Félag íslenskra bókaútgefnda því gegn því að það verði lögfest.

Í þriðju grein frumvarpsins er miðað við að heimilt sé að gera rafræn eintök af verki sem aflað hefur verið á lögmætan hátt í þrennum tilgangi eða til að a) að framkvæma sjálfvirka gagnagreiningu b) að vinna málfræðilegar upplýsingar og c) að vinna tölfræðilegar upplýsingar. Af greinargerð með frumvarpinu verður ráðið að frumvarpinu er ætlað að ná til innlendra og erlendra verka og eða fræðigreina og engar takmarkanir eru gerðar hvað varðar „afurðir“ þeirrar gagnagreiningar sem framkvæma má heldur eingöngu að verkin sjálf sem gerð verði eintök af, megi ekki nýta í annað.

Af hálfu Félags íslenskra bókaútgefenda er lögð áhersla á að ekki verði lögfestar séríslenskar reglur um gagnanám á Íslandi sem verði í ósamræmi við alþjóðlega skuldbindingar Íslands á sviði höfundaréttar í stað þess að leysa mál er varða aðgang að útgefnu efni með samráði við rétthafa og að teknu tilliti til réttinda á sviði höfundaréttar.

Almenn víðtæk gagnanámsregla í andstöðu við þessi sjónarmið mun leiða til þess meðal annars að ekki verður gagnsæi um umfang gagnanáms og verndað efni mun geta verið nýtt til gerðar gagnagreindarmóðela án nokkurs samráðs við rétthafa og án þess að litið sé til fjárhagslegra hagsmuna viðkomandi aðila. Þá er ljóst að mögulegur réttur rétthafa til að undanskilja verk sín verður ekki til staðar og mögulega fjárhagsleg réttindi vegna ólögmæts gagnanáms í fortíð og framtíð munu hverfa.

Reykjavík, 07.03.2024.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags íslenskra bókaútgefenda


Halldór Þ. Bjrgisson hrl.